

Nd. 340. Frumvarp til laga

um eftirlit með atvinnurekstri.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Fjármálaráðherra skipar eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum og setur reglugerð um starf hans. Laun hans skulu ákveðin í launalögum, en kostnað og skrifstofufé skal hann fá eftir því, sem fjármálaráðuneytið telur nauðsynlegt starfans vegna.

2. gr.

Eftirlitsmaðurinn skal hafa eftirlit með lánveitingum úr bönkum og sparisjóðum til atvinnurekstrar, hvort sem er til iðnaðar, verzlunar, sjávarútvegs, landbúnaðar eða annars atvinnurekstrar og hvort sem rekinn er af einstaklingum, samvinnufélögum, hlutafélögum eða öðrum félögum. Hann skal á hverjum tíma hafa glögg yfirlit yfir, hvernig komið er fjárhag atvinnufyrirtækja og að eðlilegt og heilbriggt hlutfall sé milli eigna þeirra og skulda. — Eftirlitsmaðurinn skal hafa aðgang að skattaframtölum og njóta aðstoðar skattstofunnar í Reykjavík og undir- og yfirskattanefnda utan Reykjavíkur, eftir því sem hann kann að óska og skattstofunni eða skattanefnd þeirri, er hlut á að máli, er unnt að veita. Bundinn er hann og þeir, er vinna kunna í þjónustu hans, sömu þagnarskyldu og skattanefndarmenn.

3. gr.

Nú skuldar atvinnufyrirtæki eða atvinnurekandi 50% eða þar yfir, miðað við lögmælt virðingarverð eigna, og skal þá eftirlitsmaðurinn gefa fjármálaráðherra sem gleggsta skýrslu um allar fjárreiður þess. Ef launagreiðslur við fyrirtækið eru hærrí eða fé tekið út úr fyrirtækinu af eiganda eða eigendum þess, hvort sem er til persónulegrar eyðslu eða annars, meira en nemur launum við sambærileg störf hjá ríkinu, hefir fjármálaráðherra, að fengnum tillögum eftir-

litsmannsins, heimild til að leggja svo fyrir lánstofnanir, að fyrirtækinu skuli ekki veitt framhaldslán og eldri lánunum sagt upp, eftir því sem samningar leyfa, nema forsjármenn fyrirtækisins skuldhindi sig og fyrirtækið til að færa allar launagreiðslur við fyrirtækið til samræmis við þau laun, er ríkið greiðir fyrir sambærileg störf. Ef tekjur fyrirtækisins umfram nauðsynlegan kostnað og lögmælt gjöld nema meiru en fyrirsögðum launum, skal því af þeim, sem fram yfir er, varið til varasjóða fyrirtækisins og skuldalúkninga. Skylt skal fyrirtækinu að leggja árlega fyrir bankana endurskoðaða reikninga yfir hag sinn og atvinnurekstur.

4. gr.

Öll fyrirtæki, er veitt verður ríkisábyrgð fyrir lánunum, skulu haga sér við launagreiðslur sem fyrirtæki, sem um ræðir í 3. gr., jafnvel þó skuldir fyrirtækisins ná ekki 50% af verðmæti eignanna.

Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt á sama hátt og segir í 1. mgr. þessarar greinar að fyrirskipa launagreiðslur í samræmi við starfslaun hjá ríkinu við þau fyrirtæki, sem nú eru rekin með lánsfé með ríkisábyrgð. Brot gegn fyrirmælum þessarar greinar varða sektum, allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem greidd er umfram lögmælt laun.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 48 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

4. liður þingsályktunarinnar um skipun launamálanefndar hljóðar svo:

„Hvernig samræma megji með atbeina löggjafar launagreiðslur einkafyrirtækja, sem ekki falla undir 3. tölulið, launagreiðslum ríkisins.“

Eins og þetta atriði þingsál. ber með sér, var til þess ætlaðt af hálfu Alþingis, að millipinganefndin í launamálum gerði tillögur um, á hvern hátt unnt væri með atbeina löggjafar að hafa áhrif á launagreiðslur hjá einkafyrirtækjum.

Launamálanefndin ræddi nokkuð þetta atriði, en tók enga ákvörðun í því efni. Litu nefndarmenn nokkuð misjafnt á, hvernig haga bæri slíkri ihlutun af hálfu ríkisvaldsins, og hve langt skyldi í því gengið. Og þar sem nefndin hafði ærið að starfa að öðrum viðfangsefnum, var ekki frekar við það fengizt. Hinsvegar er þetta svo þýðingarmikið atriði í atvinnu- og fjármálum vorum, að ekki er hyggilegt, að það opinbera láti slíkt mál afskiptalaust með öllu. Mætti benda á ýmisleg atriði úr sögu vorri hin síðari ár þessu til sönnunar. Af þessum ástæðum er frv. þetta fram komið.

Mér er það vitanlega ljóst, að þó að ákvæði þessa frv. verði lögtekin, þá verður ekki með þeim einum ráðin bót á öllum þeim atriðum í þessum greinum, er lagfæringar þyrftu. En ég er þeirrar skoðunar, að af þeim geti þó leitt meiri aðgæzlu í fjármálum og meira samræmi í kjörum manna heldur en ella myndi, og er hvorttveggja nauðsynlegt og gagnlegt.